

Ólafur Björnsson ritstjóri greiði 20 kr. sekt í lands-
sjóð, eða sæti 4 daga einföldu fangelsi ef sektin er
eigi greidd á réttum tíma. Um málskostnað fyrir
undirrétti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá
löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaðför.

Nr. 12/1911:

Réttvísín

gegn

Friðrik Jónssyni.

D ó m u r.

Með aukaréttardómi Skagafjarðarsýslu uppkveðnum
21. febrúar þ. á. var ákærði Friðrik Jónsson skósmiður á
Sauðárkrók dæmdur samkvæmt 240. gr. alm. hegningar-
laga 25. júní 1869, sbr. við tilsk. 8. sept. 1841, fyrir að
afmarka og selja óleyfilega á, er annar maður átti, til að sæta
4×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af
málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar á meðal
málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði Jónasar hrepps-
nefndarmanns Sveinssonar á Sauðárkrók 6 krónur. En
dómi þessum hefir, eftir ósk hins dómfelda, verið skotið
til yfirdómsins.

Síðastliðið haust þóttist Sigurður bóndi Jónsson í
Litlugröf í Staðarhreppi þekkjja á, er hann átti, í rétt
verzlunar einnar á Sauðárkrók, og var ærin nýlega afmörk-
uð undir mark Michelsens nokkurs úrsmiðs þar í verzl-
unarstaðnum, en leifar af marki Sigurðar bónda voru enn

á kindinni. Við eftirgrenslan út af þessu kom það í ljós, að Michelsen hafði fengið ána kvöldið áður hjá ákærða ásamt 2 öðrum kindum, og voru nánari atvik að því þau er nú skal greina, samkvæmt skýrslu ákærða, er að öllu leyti kemur heim við frásögn Michelsens og annara vitna. Ákærði keypti haustið 1908 af Friðriki bónda Sigfússyni í Pottagerði í Staðarhreppi tvær gimbrar, hvítar og hyrndar, og voru þær með marki Friðriks: blaðstýft framan, fjöður aftan hægra, sýlt, biti framan, fjöður aftan vinstra, en ákærði markaði þær þegar í stað undir sitt mark: hvatrifað, gagnbitað hægra, miðhlutað í stúf, gagnbitað vinstra, og hafði ákærði síðan ærnar í fóðri hjá Friðriki í Pottagerði veturna 1908—9 og 1909—10. Veturinn 1909—10 seldi ákærði tyrnefndum Michelsen 4 ær, sem áttu ekki að afhendast fyr en haustið eftir (síðastliðið haust) og ætlaði Michelsen ærnar til lífs og hafði því áskilið að þær væru afhentar sér markaðar undir sitt mark. Á þá, er hér er um að ræða, telur ákærði sig hafa heimt í Staðarrétt 20. sept. síðastliðinn og afmarkaði hann hana við ljós sama kvöldið í fjárhúsi stjúpfaður síns undir mark Michelsens: stýft, biti aftan, fjöður framan hægra, tvístýft aftan, fjöður framan vinstra, og voru þá viðstaddir stjúpfaðir ákærða og annar maður og hélt annar þeirra á ljósinu. Tveim dögum seinna færði svo ákærði Michelsen ána eins og fyr er sagt.

Ákærði hélt því fast fram framan af í prófunum, að ærin er Sigurður bóndi í Gröf þóttist þekkja sem sína, væri önnur ærin frá Pottagerði, og hefði hún því verið rétt eign sín. Þessari fullyrðing sinni hélt ákærði óbreyttri eins eftir að tilkvaddir menn af rannsóknardómaranum höfðu skoðað ána og lýst því áliti sínu um mörkin á

henni og annari kind (lambhrút), er einnig var skoðuð, »að í fyrsta lagi væri hægra eyra á kindum þessum fullhátt, til þess að geta hafa gegnum gengið þær markbreytingar, er yfirheyrði Friðrik Jónsson skýrir frá, og í öðru lagi findist ekki að framan votta fyrir bita, að minsta kosti ekki á lambhrútnum, eins og þó ætti að gera samkvæmt skýrslu yfirheyrða«. En síðan var Friðrik í Pottagerði, er hafði selt ákærða ána og haft hana síðan í geymslu fyrir ákærða, látinn athuga ána, og lét hann það álit sitt upp fyrir rétti, eftir grandgæfilega skoðun á henni, að vegna vöntunar á votti um bita á hægra eyra ærinnar efaðist hann um, að hún væri önnur ærin frá sér, en kannaðist þó við, að hún væri mjög lík annari ánni, er hann seldi ákærða.

Fyrir þessu álitu Friðriks bónda heygði ákærði sig og félst á, að sér hlyti að hafa skjátlast, er hann tók ána og eignaði sér hana, og samþykkti að ærin væri fengin Sigurði bónda, sem eign hans. En hann fullyrti að þetta hefði orðið af gáleysi fyrir sér og misgrip, þar sem hann þóttist hafa þekt ána svo vel af útliti og svip, að hann hefði ekki athugað mark á henni nánara, en haft þá föstu sannfæring, að ærin væri sín eign, önnur Pottagerðisærin. Þessari fullyrðing sinni, að afmörkunin, ef hún hafi verið röng, hafi verið gáleysisverk, hélt ákærði fastri og fekst ekki til að játa, að hann hefði vitað annað en sitt mark væri á ánni, er hann afmarkaði hana.

Jafnvel þótt álit skoðunarmanna á mörkunum verði að teljast fremur ófullnægjandi eitt út af fyrir sig, virðist það þó mega telja sannað í málinu, að umrædd ær, sem Sigurður bóndi Jónsson hefir helgað sér með eiði, hafi verið hans eign og með hans marki, en eigi ær sú, er

ákærði keypti í Pottagerði, og að ákærði hafi því afhent Michelsen annars manns kind sem sína.

Það er ekki ástæða til að vefengja þann framburð ákærða, að hann hafi þózt þekkja kind þessa af svip og útliti sem sína eign, og að hann hafi, þegar hann dró sér hana úr Staðarrétt, verið sannfærður um að hún væri önnur Pottagerðisærin með sínu soramarki, og haft enn þessa sannfæringu, þegar hann gekk að kindinni til að afmarka hana í fjárhúsi stjúp föður síns. En öðruvísi verður að líta á staðhæfing ákærða um, að hann hafi afmarkað kindina af gáleysi eða hugsunarleysi, og eigi athugað, hvaða mark þá var á henni, því að þessi staðhæfing hans er með öllu ósennileg og óskiljanleg, þegar þess er gætt, hve gjörólik mörkin eru, soramark ákærða, hvatrífað, gagnbitað hæggra, miðhlutað, gagnbitað vinstra, sem ákærði þóttist viss um að væri á kindinni, og mark Sigurðar í Litlugröf, vaglskorið aftan hæggra, sneitt aftan, biti framan vinstra, er telja verður sannað, að verið hafi á henni. Próf málsins sína að ákærði er kunnugur sauðfjármörkum, og það verður þá eigi annað ætlað en að hann, jafnskjótt og hann sá og þreifaði á eyrum kindarinnar — en það varð hann auðvitað að gjöra til þess að geta breytt markinu — hafi hlotið að ganga úr skugga um, að það var ekki soramark hans, heldur mark annars manns. Það verður því að hafna framburði ákærða um að hann hafi afmarkað kindina af gáleysi og eigi athugað mark á henni, en líta svo á, að honum hafi verið ljóst er hann vann þetta verk, að kindin, sem hefir verið metin 10 kr. virði, var með annars manns marki og annars manns eign, og að hann þrátt fyrir það hafi markað hana í þeim tilgangi að hagnýta sér hana handa Michelsen.

Þetta brot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur saka-
 manna, og hefir eigi fyr sætt refsingu fyrir neitt afbrot,
 heyrir undir 250 gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869,
 og þykir hæfilegt að ákveða refsinguna fyrir það 4×5
 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákvæði aukaréttardóms-
 ins um málskostnað samþykkjast. Svo ber og ákærða að
 greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með
 talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóm-
 inn, 12 kr. til hvors.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið
 vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Friðrik Jónsson sæti 4×5 daga fangelsi
 við vatn og brauð. Um málskostnað á aukaréttar-
 dómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði allan
 áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutnings-
 laun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttar-
 málaflutningsmanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claes-
 sens, 12 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lög-
 um.